



Innviðaráðuneyti

Málefnasvið: Húsnæðis- og skipulagsmál

Sölvhólsgötu 7

101 Reykjavík

Egilsstaðir, 15. desember 2023.

Efni: Umsögn Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) um tillögu til þingsályktunar um endurskoðaða landsskipulagsstefnu fyrir árin 2024–2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024–2028.

Líkt og með [fyrrri umsögn SSA](#) um drög að hvítbók um skipulagsmál sem skilað var inn í samráðsgátt stjórnvalda 31. október sl. vill SSA byrja á því að fagna tillögunni og því samráði sem viðhaft hefur verið við gerð hennar.

Eins og kom fram í fyrrri umsögn fóru sveitarfélögin á Austurlandi af stað fyrir nokkrum árum með vinnu við gerð heildstæðs skipulags og framtíðarsýnar fyrir landshlutann. Sú vinna leit dagsins ljós haustið 2022 í Svæðisskipulagi Austurlands 2022 – 2044, sem öll sveitarfélög samþykktu, og áherslur þess eru um margt áþekkar þeim sem lagðar eru til grundvallar í tillögunni er hér um ræðir. Líkt og í tillögu innviðaráðherra er mikil áhersla lögð á loftslagsmál í svæðisskipulaginu enda hafa Austfirðingar orðið fyrir beinum áhrifum af afleiðingum hnattrænnar hlýnunar eins og svo margir aðrir.

SSA fagnar því að stjórnvöld ætli að leiða vinnu við mótun verkferla og leiðbeininga fyrir aðlögun sveitarfélaga að áhrifum loftslagsbreytinga líkt og kemur fram í aðgerð 1 (bls. 17). Það er alveg ljóst - og á það var einnig bent í umsögn um hvítbókina - að í áherslum tillögunnar og þeim aðgerðum sem af þeim spretta koma fram tilmæli sem sveitarfélögum er ætlað að vinna í stefnur sínar og áætlanir og því nauðsynlegt að sveitarfélög á Austurlandi - ekki síst þau minni - hafi greiðan aðgang að aðstoð opinberra stofnanna og geti nýtt þær bjargir til að mæta skyldum sínum.

Þá er vel að fyrir liggja mat á kostnaði tillögunnar (bls. 1) en SSA vill ítreka það sem m.a. var vakin athygli á í fyrrnefndri umsögn að stjórnvöld tryggi sveitarfélögum fjárhagslegt bolmagn til að uppfylla skyldur sínar í umhverfis- og loftslagsmálum. Það er ljóst að með eflingu sveitarstjórnarstigsins og auknu sjálfstæði sveitarfélaga munu útgjöld þeirra halda áfram að vaxa og ábyrgð að sama skapi aukast. SSA hefur ítrekað bent á t.d. í [ályktunum haustþings sambandsins](#) fyrr á árinu að það sé gríðarlegt hagsmuna- og sanngirnismál að landsbyggðirnar njóti meiri hlutdeildar af nýtingu náttúruauðlinda s.s. veiðigjalda, gjaldi af fiskeldi, skatttekjum af orkuframleiðslu og fjármagnstekjuskatti. SSA fullyrðir að þannig gætu sveitarfélögin á Austurlandi, [sem skapa mikil verðmæti fyrir þjóðarbúið](#), axlað ábyrgð og unnið að því að ná kolefnishlutleysi á sem flestum sviðum umhverfis, atvinnulífs og samfélags.

Margar áherslur og aðgerðir landsskipulagsins hafa þann tilgang að efla byggðir um landið og lögð er áhersla á að við skipulagsgerð verði skilgreindir meginkjarnar í hverjum landshluta. Við biðjum stjórnvöld að hafa í huga að Austurland er fjölkjarnasamfélag þéttbýlis og dreifbýlis og það er mat og reynsla heimamanna að ekki sé æskilegt að leggja höfuðáherslu á einn kjarna umfram aðra þar sem á svæðinu eru margir rótgrónir byggðarkjarnar, langt á milli þeirra og torfært á vetrum. Það hefur því verið stefna heimamanna, eins og lýst er í



[Svæðisskipulagi Austurlands 2022 - 2044](#), að styrkja alla kjarna með einum eða öðrum hætti en leggja höfuðáherslu á bætta samgöngur. Um þennan vilja heimamanna ætti stjórnvöldum að vera kunnugt enda hafa kjörnir fulltrúar á Austurlandi ályktað árum saman um mikilvægi þess að hringtengja miðsvæði Austurlands þannig að til verði eitt atvinnu- og þjónustusvæði. Hringtengingin rýfur vetrareinangrun byggðalaga og tryggir örugga undankomuleið þegar hættuástand skapast vegna ofanflóða.

Með öðrum orðum: Hringtengingin, auk stórbættrar vetrarþjónustu á vegum Austurlands, er alger grundvallarforsenda þess að í landshlutanum geti þróast og þroskast samfélag sem getur haft sjálfbæra þróun að leiðarljósi líkt og landsskipulagsstefnan kveður á um.

Á þetta er minnst hér vegna þess að það er mikilvægt að landsskipulagsstefnan sé í samræmi við aðrar framkvæmdaáætlanir ríkisins. Hér erum við sérstaklega að vísa í tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2024 - 2038 þar sem búið er að slíta hringtengingu Austurlands í sundur eins og lýst er ítarlega í [umsögn SSA](#) um samgönguáætlunina. Það er einfaldlega erfitt ef ekki útilokað fyrir Austfirðinga að ná markmiðum um sjálfbærni í umhverfis, efnahags, samfélags og menningarmálum verði miðsvæðið ekki hringtengt.

Þá tökum við undir orð sumra þingmanna í umræðum um stefnuna í [þingsal í lok nóvember](#) um það sem snýr uppbyggingu þjóðhagslega mikilvægra innviða (lykilviðfangsefni 3 á bls. 2). Það er gríðarlega mikilvægt, ekki síst í ljósi jarðhræringa á Reykjanesskaga, að það sé kortlagt hvar á landinu séu þjóðhagslega mikilvægir innviðir sem þurfi undir öllum kringumstæðum að efla og vernda svo auka megi áfallapol landsins.

Það er vel að í aðgerðaráætlun landsskipulagsins standi til að vinna að gerð leiðbeininga um skipulagsgerð og vindorkunýtingu þar sem fjallað verði um staðarval og umhverfismat ásamt öðru sem snýr að leyfisveitingum. Síðasta haustþing SSA hvatti stjórnvöld til að flýta vinnu sem snýr að stefnumótun og þróun regluverks um virkjunarkosti vindorku á Íslandi. [Nýlegar fréttir](#) af orkuskortri hjá fiskimjölsverksmiðjum eystra, sem hafa þurft að brenna mikilli olíu til að halda vinnslu gangandi, sýna glögg hversu aðkallandi þetta mál er.

Að lokum viljum við fagna gerð endurskoðaðrar landsskipulagsstefnu. Markmið hennar eru háleit og mikilvæg á okkar tímum. Austfirðingar munu ekki láta sitt eftir liggja að hrinda aðgerðum hennar í framkvæmd og við væntum áframhaldandi góðs og náns samstarfs við mótun endanlegrar tillögu.

Virðingarfyllt
f.h. Sambands sveitarfélaga á Austurlandi

Dagmar Ýr Stefánsdóttir
framkvæmdastjóri SSA